



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Miðflokksins um tölulegar upplýsingar vegna slysa sem rekja má til ástands gangstétta í Reykjavík

Þann 24. júní 2026 lagði fulltrúi Miðflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Fram kom í fjölmiðlum nýlega að 93 ára íbúi á hjúkrunarheimili í Grafarvogi í Reykjavík hafi lent í slysi þar sem ein orsök þess hafi verið slæmt ástand gangstéttar þar sem íbúinn fór um í hjólastól, en viðkomandi naut aðstoðar starfsmanns hjúkrunarheimilisins til að fara um á hjólastól sínum. Spurt er, safnar velferðarsvið Reykjavíkur saman tölum um slys, sem þjónustubegar sviðsins lenda í og hverjar séu orsakir slíkra óhappa? Ef þessum tölum er haldið til haga, eru til tölulegar upplýsingar um tíðni slysa sem orðið hafa vegna slælegs ástands gangstétta í Reykjavík?

Svar:

Hjúkrunarheimilið Eir er sjálfseignarstofnun og eina hjúkrunarheimilið sem staðsett er í Grafarvogi. Reykjavíkurborg er einn af stofnaðilum heimilisins og á fulltrúa í fulltrúaráði þess. Rekstur hjúkrunarheimilisins fellur hins vegar ekki undir Reykjavíkurborg og eftirlit með starfsemi þess er annars vegar á hendi heimilisins sjálfs og hins vegar embættis landlæknis.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar safnar því ekki upplýsingum um atvik sem eiga sér stað á Eir, hvorki hvað varðar íbúa né starfsfólk. Hið sama á við um önnur hjúkrunarheimili í Reykjavík, að Droplaugarstöðum undanskildum, þar sem rekstur þess hjúkrunarheimilis fellur undir velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Velferðarsvið heldur hins vegar utan um atvikaskráningu í heimahjúkrun vegna atvika sem starfsmenn verða fyrir eða bera ábyrgð á gagnvart skjólstæðingum. Á árinu 2025 voru samtals skráð 39 atvik sem vörðuðu skjólstæðinga og ekkert þeirra tengdist falli eða byltu. Þá voru skráð þrjú atvik þar sem starfsmenn í heimahjúkrun féllu vegna háliku eða misfellna, allt á lóðum skjólstæðinga.

Í öðrum málaflokkum sviðsins er atvikaskráning einnig haldið til haga. Frá árinu 2018 hafa atvik verið skráð í atvikaskráningarkerfinu Muninn, þar sem skráð eru atvik og tildrög þeirra, meðal annars slys starfsfólks á vinnutíma og slys notenda meðan þeir njóta þjónustu. Reykjavíkurborg tók jafnframt í notkun samræmt atvikaskráningarkerfi, ASK, í



byrjun árs 2026 og eru þar skráð öll atvik og vinnuslys sem starfsfólk Reykjavíkurborgar verður fyrir í störfum sínum.

Hvorki í kerfinu Muninn né ASK er þó haldið sérstaklega utan um tölfæræði slysa sem rekja má til ástands gangstétta í Reykjavík. Slíkar samanteknar upplýsingar liggja því ekki fyrir hjá velferðarsviði.